



Hreppsnefnd 29. júní 2000

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 29.06.2000 kl. 800 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Ólafur Sigmarsson, oddviti, Helena Eyjólfsdóttir, Steindór Sveinsson, Aðalbjörn Björnsson. Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar á þessum óvenjulega tíma.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps frá 13. júní sl. Farið var yfir fundargerðina og spurt var um hvernig 13. mál fundargerðar stæði þ.e sala á Lónabraut 43.

2. mál. Snorraverkefni, bréf dags. 22. júní sl., þess efnis að hreppsnefnd greiði fyrir því að tveir Vestur-Íslenskir unglingar verði hér á Vopnafirði í 1 mán. í sumar. Samþykkt samhljóða.

3. mál. Fjármálaráðuneytið, bréf dags. 14. júní sl., varðandi sölu á Hamrahlíð 26. Sala stendur til á gömlu fangageymslunni sem er í eigu fjármálaráðuneytisins. Sveitarstjóra falið að ræða við bréfitara.

4. mál. Björn Stefánsson, bréf dags. 9. júní sl. varðandi "sjóðval" Hreppsnefnd telur ekki að svo stöddu tímabært að taka þátt í tilraun þessari. Sveitarstjóra falið að svara bréfinu.

5. mál. Skipulagsstofnun, bréf dags. 22. júní sl., varðandi Norð-Austurveg. Lagt fram til kynningar, jafnframt samþykkir hreppsnefnd að fela sveitarstjóra að veita framkvæmdaleyfi fyrir verkinu, þegar þar að kemur.

6. mál. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps, Vopnafjarðarhafnar og Félsgslegra íbúða fyrir árið 1999. Fyrri umræða. Sveitarstjóri skýrði reikningana og svaraði framkomnum spurningum. Hann lagði síðan til að reikningunum verði vísað til síðari umræðu. Samþykkt samhljóða.

7. mál. Hafnarbyggð 57, sölutilboð bréf dags. 13. júní sl. Rætt var um tilboðið og hvernig ber að snúa sér í málum fleiri húsaegna, sem standa auðar og eru ekki íbúðarhæfar. Samþykkti hreppsnefndin að bjóða bréfiturum að rífa húsið þeim að kostnaðarlausu.

8. mál. Beiðni um niðurfellingu á fasteignaskatti dags. 13. júní sl. Sveitarstjóra falið afgreiða málið í samræmi við gildandi reglur.

9. mál. Grunnskóli, verksamningur, vegna lagfæringa á gamla skólanum. Rætt var um framhald á lagfæringum og skýrði sveitarstjóri hvernig málin stæðu og hugmyndir um framkvæmdir við innkaup á búnaði sem vantar í skólann. Verksamningurinn samþykktur með 6 atkv. Steindór Sveinsson vék fund undir atkvæðagreiðslu.

10. mál. Samningur um verkfræðiþjónustu og störf byggingafulltrúa. Samningurinn lagður fram til kynningar og samþykktur.

11. mál. Skipun nefndar um gerð vímuvarnaráætlunnar. Málinu frestað til næsta fundar. Hreppsnefnd samþykkir að fela félagsmálanefnd að vinna í málinu.

12. mál. Heimsókn samgöngunefndar Alþingis, 4. júlí nk. Samþykkt að hreppsnefnd og sveitarstjóri mæti á fund með nefndinni. Oddvita og sveitarstjóra falið að undirbúa fundinn.

13. mál. Ýmsar fundargerðir:

A) Bréf SSA frá 21. júní sl., ásamt fundargerð stjórnar SSA frá 14. júní sl., fundargerð Héraðsnefnd Múalsýslu frá 14. júní sl., samráðsfundur sveitarstjórna Norðursvæðis frá 8. júní sl., Evrópa og sveitarfélögin. B) Fundargerð Héraðsskjalasafns Austfirðinga frá 19. júní sl. C) Fundargerð launanefndar sveitarfélaga frá 25. maí sl. D) Samstarfsnefnd samflots og launaeftndar sveitarfélaga frá 7. júní sl.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir og sleit oddvit fundi og þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu.